

# Starfsskýrsla Grunnskólans á Suðureyri

2016 - 2017

Starfsskýrsla Grunnskólans á Suðureyri  
2016 -2017

Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Skýrsla um skólahald .....	3
Markmið og stefna .....	4
Starfsmarkmið .....	4
Niðurstöður.....	5
Skólastefna .....	5
Niðurstöður.....	5
Skólahald .....	6
Fjöldi nemenda og bekkjardeilda .....	6
Forföll nemenda .....	6
Forföll kennara og starfsmanna .....	7
Niðurstöður samræmdra prófa .....	7
Aðkeypt þjónusta.....	7
Sjálfsmat .....	8
Niðurstöður .....	8
Samantekt.....	15
Umbótaáætlun .....	16
Þarfagreining .....	18
Viðhald.....	18
Fjárfestinga .....	18
Fjárhagsáætlun .....	18

## Inngangur

Grunnskólinn á Suðureyri hóf starfsemi 1908. Skólastjóri er Þormóður Logi Björnsson.

Skipulag innra mats í Grunnskólanum á Suðureyri byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Framtíðarsýn Ísafjarðarbæjar er höfð að leiðarljósi.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91, 2008).

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila, ytra mat.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Skólastjóri setur upp áætlun um innra mat til þriggja ára í senn og leggur fyrir starfsmannafund. Áætlun fyrir 2015-2018 var sett upp í 2015, birt á heimasíðu skólans, kynnt skólaráði og samþykkt á starfsmannafundi. Hlutverk skólastjóra í samstarfi við starfsmenn er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum, foreldrum og birta þær á heimasíðu.

## Skýrsla um skólahald

Skólaárið 2017 - 2018 var með nokkuð hefðbundnu sniði. Í skólanum voru 43 nemendur og rúmlega 5 kennarastöður og ein og hálf starfsmanna staða.

Á liðnu skólaári héldum við áfram með smiðjur fyrir yngri nemendur í list- og verkgreinum sem reynst hafa vel, en þær voru fyrst prófaðar skólaárið 2015 - 2016. Val hjá eldri nemendum var í ár 6 tímar á viku. Árið áður fengu nemendur 4 tíma. Á liðnu ári buðum við upp á 15 mismunandi völu fyrir nemendur í 7. - 10. bekk. En nemendur fengu að velja sér það sem þau vildu læra t.d. leiklist, stjórnufræði, skólahreysti og minecraft.

Grunnskólinn á í mjög góðu samstarfi við nærsamfélagið. Öll fyrirtæki á svæðinu hafa stutt við bakið á öllu því sem nemendum dettur í hug. Með dyggum stuðning frá samfélaginu gáfu nemendur út skólablað og héldu 430 fest, samskólaball sem haldið var í ár í annað sinn. Starfsmaður á launum hjá Klofningi kenndi í vetur tælensku sem móðurmál og gekk það mjög vel. Á liðnu skólaári fengu allir nemendur móðurmálskennslu en auk tælensku var pólsku kennari í starfi við skólann. Það er skólanum mjög mikilvægt að hafa samfélagið með sér í liði á þennan hátt.

Samstarfs við Tjarnabæ gekk vel eins og fyrri ár. Nemendur sem byrja í skólanum núna í haust, komu fyrst í heimsókn fyrir áramót. Eftir áramót komu þau svo reglulega í skólann. Þau fengu að taka þátt í öllum tímum og einnig sérstaka tíma ein með tilvonandi umsjónarkennara. Einnig hafa skólarnir sameinast um menningarviðburði og ferðir. Við ætlum að sjálfsögðu að halda þessu samstarfi áfram og jafnvel bæta í.

Skólinn var settur 22. ágúst með markmiðsviðtölum eins og undanfarin ár. Við héldum áfram að nota heimasíðu skólans, en um 130 fréttir voru settar inn á heimasíðu skólans á árinu. Við vorum einnig dugleg á facebook, en öllum fréttum af heimasíðunni var deilt þangað. Heimasíðan fékk um 7000 innlit á liðnum vetri og vinsælasta fréttin á facebook síðu skólans fékk 40 like og náði til um 1100 manns.

Í september tókum við aftur þátt í Norræna skólahlaupinu og göngum í skólann og bættum okkur aðeins frá því í fyrra. Við héldum dag læsis hátíðlegan með því að lesa í fyrirtækjum um allan bæ. Nemendur í vali hjóluðu til Ísafjarðar og við hittum Þorgríms Þráins á Þingeyri. Við vorum einnig með gestakennarann Gergely frá Ungverjalandi í heimsókn. Þetta var frábær heimsókn fyrir kennara jafnt sem nemendur og hreyfst Gergely mikið af skólanum og samfélaginu. Samræmd könnunarpróf voru þreytt á tölum í fyrsta sinn og gekk það mjög vel. Í október fengum við samtökin 78 í heimsókn og tókum þátt í litlu og stóru íþróttahátíðunum. Fjármálavit kom í heimsókn og við fengum einnig listakonu í heimsókn.

Fyrsta vetrarlægðin kom í nóvember en ekki var röskun á skólastarfi þá, né síðar á skólaárinu vegna veðurs. Við héldum brunaæfingu sem gekk vel. Í byrjun desember var opin dagur í skólanum en þá eru foreldrar sérstaklega hvattir til að koma í heimsókn. Yngri nemendur fóru á frábæra leiksýningu hjá íslenska dansflokknum og miðstignemendur fengu kynningu á „3 dagar“ verkefni rauða krossins. Nemendur fönnduðu og litlu jólin voru haldin hátíðleg 20. desember.

Fyrsti skóladagur eftir jólafrí var 3. janúar. Lokahönd var lögð á námsmat skólans og nemendur fengu það afhent á foreldrafundum í lok janúar. Sundkennsla hófst í febrúar. Nemendur fengu að

## Starfsskýrsla Grunnskólans á Suðureyri 2016 -2017

jafnaði 2 sundtíma í viku fram að skólaslitum, samtals 23 til 26 tíma, eftir hópum. Foreldrafélagið hélt mjög vel heppnað þorablót og skólahreysti undirbúningur fór á fullt. Við tókum þátt í upplestrarkeppninni og nemendur á yngrastigi fengu ný borð. Með því höfum við lokið við úrbætur á vinnuaðstöðu nemenda í bili.

Magnús Stefánsson heimsótti nemendur í maí með forvarnarfræðslu. Foreldrafélagið hélt fjölmenningshátíð sem var mjög vel sótt og einstaklega vel heppnuð. En vel á annað hundrað manns komu og fögnuðu fjölmenningsunni. Nemendur fóru á háskóladag á Flateyri og við fengum svo Háskólalestina í heimsókn á Suðureyri. Í tilefni þess var skólasýning leik- og grunnskóla haldin á sama tíma og heppnaðist það mjög vel.

Skóla var slitið 26. maí og sama dag voru tveir nemendur innritaðir í 1. bekk fyrir næsta skólaár. Kennarar héldu að því loknu í sameiginlega ferð með Flateyringum og Þingeyringum til Ungverjalands þar sem við þéttum saman hópinn, skoðuðum skóla og heimsóttum Gergely sem kom í heimsókn til okkar í haust.

## Markmið og stefna

### Starfsmarkmið

#### **Að auka markvisst ábyrgð nemenda á námi og hegðun.**

Leið: Auka sjálfstæði og valhæfni nemenda svo sem við námsáætlanir og sjálfsmat. Viðmiðið er frjálfsari skólabragur og aukin ábyrgðartilfinning nemenda.

Árangursmæling: Nemendakönnun Skólapúlsins.

#### **Að bæta samskipti milli heimila og skóla.**

Leið: Með öflugri upplýsingamiðlun til foreldra. T.d. með virkri heimasíðu. Einnig með því að hafa reglulega fundi með foreldrum og að vinna náið með foreldrasamfélaginu að öflugri skólastarfi. Viðmið að allir foreldrar hafi í lok skólaársins fengið aðgang að "Námfúsum" þar sem ýmsar upplýsingar varðandi námsframvindu nemenda eru geymdar.

Árangursmæling: Með foreldrakönnun Skólapúlsins.

#### **Að auka hreyfingu nemenda.**

Leið: Með því að fara reglulega í íþróttahúsið utan íþróttatíma og eða með því að auka áhuga á útivist með útikennslu og skipulegum gönguferðum. Viðmiðið er að alla daga verði einhver skipuleg hreyfing.

Árangursmæling: Nemendakönnun Skólapúlsins.

#### **Að auka ánægju af lestri.**

Leið: Yndislestur á hverjum degi, regluleg lestrarátök og að kennarar og starfsfólk tali fyrir mikilvægi lestars reglulega. Kennarar hvetja heimili til að lesa og hvetja nemendur til lestars.

Árangursmæling: Nemendakönnun Skólapúlsins.

### Niðurstöður

- Ábyrgð á námi og hegðun er með besta móti í Grunnskólanum á Suðureyri. Nemendur vinna vel og leggja áherslu á að fylgja áætlunum. Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins eru foreldrar og nemendur upp til hópa ánægðir með aga og ábyrgð nemenda.
- Það gekk vel að bæta samskipti við heimilin. Heimasíðan er virk og foreldrum finnst þeir velkomnir í skólann. Við viljum halda áfram að bæta samskiptin og hvetja foreldra til að taka þátt í skólastarfinu. Við ætlum að halda áfram að bæta heimasíðu skólans. Samkvæmt foreldrakönnun eru foreldrar ánægðir með samskipti við kennara. Heimasíða skólans fær mjög góða dóma en dalaði þó aðeins frá því í fyrra.
- Okkur hefur gengið vel að auka hreyfing nemenda. Það eru skipulagðir tímar 4 sinnum í viku og kennarar eru duglegir við að leyfa nemendum að hreyfa sig utan þess. Samkvæmt nemendakönnun Skólapúlsins hefur hreyfing nemenda aukist á árinu og erum við nú komin yfir landsmeðaltal í hreyfingu.
- Ánægja af lestri er yfir landsmeðaltali hjá okkur samkvæmt Skólapúlsinum. Við höfum farið í regluleg lestrarátök og kennarar verið duglegir að hvetja nemendur til lesturs og fá heimilin með okkur í lið í því. Ánægja af lestri jókst aðeins á skólaárinu. Við viljum halda þeirri þróun áfram á næsta skólaári m.a. með því að gera lestur enn sýnilegri í skólastarfi.

### Skólastefna

#### Einkunnarorð

#### Ástundun, árangur, ánægja

Stefna Grunnskólans á Suðureyri er að:

- fylgja markmiðum aðalnámskrár grunnskóla,
- skólinn sé öruggur og aðlaðandi vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk þar sem þeim líður vel
- koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda, vekja áhuga þeirra á námi og efla sjálfsvirðingu þeirra,
- nemendur borði hollan og góðan mat og stuðla að aukinni hreyfingu nemenda,
- vinna að góðum samskiptum skóla og heimila.

### Niðurstöður

- Skólanámskrá var á árinu aðlöguð að aðalnámskrá og einkunnargjöf samkvæmt nýjum stöðlum. Lykilhæfni var metin hjá öllum nemendum í ár líkt og í fyrra. Allir nemendur skólans fengu námsmat í takt við nýja aðalnámsskrá. Á næsta skólaári munum við taka upp mentor og halda áfram innleiðingu á nýju námsmati með mentor.
- Samkvæmt skólapúlsinum er starfsánægja starfsmanna fyrir neðan landsmeðaltal. Nemendur og foreldrar eru ánægðir með skólann sem vinnustað.

Starfsskýrsla Grunnskólans á Suðureyri  
2016 -2017

- Samkvæmt Skólapúlsi nemenda þá erum við yfir landsmeðaltali hvað varðar ánægju og áhuga nemenda á námi en vantar aðeins upp á trú nemanda á eigin ágæti. Við höfum þó tekið skref í rétta átt hvað það varðar á skólaárinu.
- Við höfum í vetur stuðlað að aukinni hreyfingu m.a. með því að hafa hana reglulega í skólanum og stuðla að því að nemendur taki þátt í íþróttastarfi. Það hefur gengið vel. Nemendur borða hollan mat í skólanum. Við erum yfir landsmeðaltali hvað varðar matarvenjur og hreyfingu samkvæmt skólapúlsi.
- Markvisst hefur verið unnið að góðum samskiptum við heimili á skólaárinu. Á næsta skólaári stendur til að bjóða foreldrum oftari í skólann. Samkvæmt skólapúlsinum eru foreldrar ekki nógu ánægðir með samskipti starfsfólks við nemendur. Við þurfum að ráða bót á því á næsta skólaári.

## Skólahald

### Fjöldi nemenda og bekkjardeilda

43 nemendur voru í Grunnskólanum á Suðureyri í 3 bekkjardeildum. Í erlendum tungumálum og smiðjum var skipt öðruvísi. 14 nemendur eru með pólsku og 5 nemendur tælensku sem móðurmál. Skólinn fékk úthlutað 148 kennslustundir.

#### Yngri hópur – 15 nemendur

1. bekkur – 3 nemendur
2. bekkur – 6 nemendur
3. bekkur – 6 nemendur

#### Miðhópur – 15 nemendur

4. bekkur – 2 nemendur
5. bekkur – 6 nemendur
6. bekkur – 7 nemendur

#### Eldri hópur – 13 nemendur

7. bekkur – 4 nemendur
8. bekkur – 2 nemendur
9. bekkur – 5 nemendur
10. bekkur – 2 nemendur

### Forföll nemenda

47 nemendur hófu og luku námi við Grunnskólann á Suðureyri í vetur.

Fjarvistardagar nemenda: 463 (731)

Veikindadagar nemenda: 193 (218)

Leyfis dagar nemenda: 270 (513)

Óheimilar fjarvistar voru engar og seint 87. Tölur í svigum eru frá skólaárinu 2015 - 2016. Foreldrum var gert grein fyrir verulegum fjölda fjarvistardaga á síðasta ári og það dró úr þeim.

## Starfsskýrsla Grunnskólans á Suðureyri 2016 -2017

### Forföll kennara og starfsmanna

10 starfsmenn voru í vinnu við Grunnskólann á Suðureyri í vetur. Auk þess var námsráðgjafi í hlutastarfi og tælensku kennari borgaður af fyrirtæki hér á Suðureyri. 4 kennaramenntaðir kennarar, 4 leiðbeinendur, skólastjóri og 2 almennir starfsmenn.

Stöðugildi: 1 staða skólastjóra, 5,35 staða kennara og 1,38 staða almennra starfsmanna.

Forföll kennara: 659 tímar (703)

Greidd forföll: 77 tímar (156)

Forföll almennra starfsmanna: 19 dagar (13). 4 dagar vegna veikinda og 15 vegna leyfa.

Tölur í svigum eru frá skólaárinu 2015 - 2016. Annað árið í röð voru kennarar frá í langtímaveikindum og því eru forfallaðir tímar margir líkt og í fyrra. Það tókst að fækka greiddum forföllum umtalsvert frá því í fyrra. 43% fækkun var á greiddum forfallatímum á milli skólaáranna 2014-2015 og 2015-2016. Á síðastliðnu skólaári tókst okkur að fækka greiddum forfallatímum um 51% frá því 2015-2016. Það féllu niður rúmlega 90 tímar. Aðallega er um sérkennslutíma að ræða en einnig örfáa tíma eftir hádegi. Þessi hagræðing næst með samkomulagi við starfsmenn og kennara um að vinna af sér leyfi með forföllum og yfirvinnu og sameiningu hópa.

### Niðurstöður samræmdra prófa

Líkt og í fyrra erum við ekki að stand okkur nægilega vel í 7. bekk. Þar sem samræmd próf færast nú yfir í 9. bekk, berum við saman tölur hjá samanlögðum 9. - 10. bekk við 10. bekk áður.

Niðurstöðurnar í 4. og 9. - 10. bekk eru vægast sagt frábærar.

2016-17 / Síðustu 5 ár	Íslenska	Stærðfræði	Enska
4. bekkur	31,5 / 20,3	35,5 / 24,9	
7. bekkur	20,8 / 24,5	17,5 / 20,9	
9. - 10. bekkur	32,3 / 28,5	32,7 / 26,1	31,4 / 30,2

### Aðkeypt þjónusta

Skólinn fær sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tólmstundarsviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Við höfum keypt túlkþjónustu fyrir foreldrafundi og aðra mikilvæga fundi. Einnig höfum við keypt akstur fyrir nemendur á samskólahátíðir, í vorferðir og á viðburði.



## Sjálfsmat

Starfsfólk Grunnskólans á Suðureyri hefur unnið að sjálfsmati skólaárið 2016-2017. Við skoðuðum nám og námsárangur, líðan og þarfi nemenda og áætlun um bætt samfélag og önnur skólastig. Við notuðum Gæðagreinini 2 frá Skólaskrifstofu Skagafjarðar nr. 5.2, 5.3, 5.4, 5.5, 5.8 og 8.1. Við fórum saman yfir gæðagreininn og rökræddum hverja spurningu fyrir sig og komumst að lokum að sameiginlegri niðurstöðu. Ásamt því að nota niðurstöður úr skólapólusi.

Í þessari skýrslu koma fyrst spurningar úr Gæðagreinini og sú einkunn sem við gefum þeim ásamt stuttum skýringum sé niðurstaðan 5 eða minni. Síðan kemur samantekt og að lokum umbótaráætlun fyrir þá þætti sem fá 4 eða minna í einkunn. Þeir þættir sem fá 5 eru með smávægilegum frávikum sem við höfum í huga okkar í komandi starfi.

Spurningarnar voru í formi fullyrðinga og svarmöguleikarnir voru þessir:

1 ófullnægjandi	2 slakt	3 nægilegt
4 gott	5 mjög gott	6 framúrskarandi

## Niðurstöður

### Gæðagreinir 5.2 - Kennsla sem leiðir til árangursríks náms.

- A. Á grundvelli sameiginlegra gilda okkar sköpum við hvetjandi námsumhverfi þar sem notaðar eru fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir. **5. Þurfum að auka fjölbreyttar kennsluaðferðir.**
- B. Við komum til móts við námsþarfir nemenda og áhuga þeirra og viðhöldum athygli þeirra. **5. Við reynum að koma til móts við þarfir nemenda.**
- C. Við ræktum með nemendum okkar áhugasemi, sköpunarþörf og gagnrýna hugsun. **5. Þurfum að passa vel upp á gagnrýna hugsun.**
- D. Verkefni sem við leggjum fyrir nemendur okkar, bæði í skóla og í heimanámi eru vel skipulögð og krefja nemendur um virka þátttöku þar sem þeir vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra við lausnaleit. **4. Huga þarf að samvinnu/hópavinnu á unglingastigi.**
- E. Við notum upplýsingatækni markvisst í námi og kennslu. **4. Notkunin er ekki nógu markviss.**
- F. Við gerum nemendum okkar grein fyrir tilgagni kennslustunda. **3. Þurfum að útskýra betur tilgang kennslustundarinnar.**

- G. Nemendur eru meðvitaðir um hvað þarf til að taka framförum og ná árangri í námi. **5. Það vantar upp á framfylgni við nemenda.**
- H. Útskýringar okkar og leiðbeiningar eru skýrar og byggðar á fyrra námi og reynslu nemenda. **5. Við þekkjum vel til nemenda og þeirra fyrra náms.**
- I. Við tryggjum að nemendur fái tækifæri til að bera ábyrgð á eigin námi og á félagslegum samskiptum sínum við aðra. **5. Nemendur fá tækifæri til að bera ábyrgð og þeim er nokkuð vel sinnt.**
- J. Nemendur njóta þess að taka þátt í náminu og þeir taka framförum sem námsmenn. **5. Þeir taka framförum en hvort þeir njóta námsins er misjafnt.**
- K. Þeir taka virkan þátt í náminu og hafa vitund um sjálfa sig sem námsmenn. **5. Teljum nemendur hafa vitund um sjálfa sig.**
- L. Við notum endurgjöf markvisst til að stuðla að framförum í námi. **5. Við veitum markvisst endurgjöf.**
- M. Kennsla okkar krefst virkrar þátttöku nemenda og við hvetjum þá til að tjá skoðanir sínar og spyrja spurninga. **4,5. Reynum að hafa virka þátttöku en mættum krefja meira.**
- N. Við notum hvetjandi spurningar og samræðu til að örva áhuga nemenda, hvetja þá til ígrundunar og efla sjálfstraust þeirra. **5. Já það gerum við.**
- O. Við hvetjum nemendur til að tjá skoðanir sínar, virðum svör þeirra að verðleikum og tökum mið að þeim við skipulagningu skólastarfs. **4. Lýðræði í verki má vera meira innan laga marka.**
- P. Í kennslustundum tökum við skynsamlegar ákvarðanir og bregðumst fljótt við til að tryggja að námsþörfum allra nemenda sé mætt, þeim bjóðist viðeigandi stuðningur og krefjandi viðfangsefni. **5. Já það gerum við.**
- Q. Við gerum okkur grein fyrir styrkleikum og veikleikum í þekkingu og hæfileikum nemenda. **5. Já, við þekkjum þau vel.**

**Gæðagreinir 5.3 - Til móts við námsþarfir.**

- A. Við mætum námsþörfum allra nemenda og nemendahópa og veljum viðfangsefni af kostgæfni. **4. Huga þarf vel að þörfum nemenda.**
- B. Verkefni, viðfangsefni og úrræði veita nægjanlegan stuðning og eru hæfilega krefjandi til að gera öllum nemendum kleift að ná hámarks námsárangri. **4. Þurfum að skoða hvort nóg sé gert.**
- C. Námsframboð og námsáætlanir mæta fjölbreyttum þörfum allra nemenda. **4. Miðað við stærð skólans er ekki hægt að hafa nægilegt námsframboð.**
- D. Námshraði er einstaklingsmiðaður. **3. Þurfum að vera meðvitaðri um að hleypa einstaklingum áfram í námi umfram áætlanir.**
- E. Við gerum okkur far um að fylgjast stöðugt með og bregðast við þörfum nemenda, ekki síst einstakra nemenda sem hafa þarfir sem eru mjög frábrugðnar þörfum skólafélaganna. **5. Þurfum alltaf að vera vakandi.**
- F. Þetta gerum við með nánu samstarfi við nemendur, foreldra þeirra og stoðþjónustu. **3. Stoðþjónustan þarf að virka betur.**
- G. Við höfum frumkvæði og tökum uppbyggilegar ákvarðanir sem miða að því að tryggja að mögulegar hindranir, s.s. í námsumhverfi eða vegna fjölskylduaðstæðna, heilsufars, fötlunar eða annars standi ekki í vegi fyrir námi nemenda. **5. Reynum okkar besta.**
- H. Sérkennarar og stuðningsúrræði skólans veita starfsfólki og nemendum góðan stuðning og ráð til að mæta námsþörfum nemenda. **6. Passa að vera alltaf vel á verði.**
- I. Einstaklingsnámskrár og stuðningsáætlanir innihalda viðeigandi námsmarkmið fyrir nemendur. **6.**
- J. Foreldrar og nemendur taka virkan þátt í endurskoðun námsáætlana og námsmatsþarfa. **2. Þurfum að vera meðvitaðri um hlutverk nemenda og foreldra.**

**Gæðagreinir 5.4 - Mat í þágu náms/leiðsagnarmat.**

- A. Námsmat okkar er byggt á skipulegum samskiptum og umræðum við nemendur og byggir á grunduðum og krefjandi spurningum um árangur í námi. **4. Byggir ekki á skipulegum samskiptum.**
- B. Við notum fjölbreyttar aðferðir til að virkja nemendur í umræður um eigin skilning og framfarir. **4. Þurfum að athuga fjölbreytileikann.**
- C. Við veitum nemendum okkar vandaða endurgjöf og hjálpum þeim að skilja næstu skref í náminu. **4. Þetta er í vinnslu með nýju námsmati.**
- D. Á ekki við, ónotuð.
- E. Á ekki við, ónotuð.
- F. Við skipuleggjum góð námsverkefni byggð á þekkingu okkar á námi, námsárangri og þroska nemenda. **5. Má alltaf gera betur.**
- G. Við þekkjum vel og bregðumst við þörfum allra nemenda, styrkjum færni þeirra og hæfileika og tókum mið af fyrra námi þeirra. **5. Alltaf að vera vakandi.**
- H. Við notum upplýsingar úr námsmati vel til að meta nám og kennslu og stuðla að bættu skólastarfi. **5. Notum einstaklingsmiðaðar niðurstöður.**
- I. Nemendur taka virkan þátt í samræðu um hvað eigi að læra og hvernig eigi að bæta námsárangur. **5. Gerum þetta.**
- J. Við skoðum og metum hvern einstakling gaumgæfilega. **5. Já og með nýju námsmati verður þetta nákvæmara.**
- K. Við deilum reynslu af námsmati okkar með samstarfsfélögum og ræðum hana til að tryggja að námskröfur séu samræmdar, fylgjumst með árangri og notum upplýsingarnar við námsáætlanagerð. **5. Erum einyrkjar en ræðum þó á milli okkar um námsmat.**
- L. Nemendur taka virkan þátt í samræðu um hvað eigi að læra og hvernig eigi að bæta námsárangur. **5. Gerum þetta.**

**Gæðagreinir 5.5 - Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri.**

- A. Skólinn okkar hefur trú á getu sinni til að ná árangri í skólastarfi. **4. Samkvæmt skólapólusi vantar trú kennara á eigin getu.**
- B. Við væntum þess ávallt að nemendur nái sínum besta námsárangri. **6. Já við væntum þess.**
- C. Við ætlumst einnig til þátttöku og góðrar hegðunar og gerum nemendum og foreldrum grein fyrir því. **6.**
- D. Við hrósum fyrir árangur að vel athuguðu máli og við hrósum bæði einstaklingum og nemendahópum. **6.**
- E. Nemendur kunna að meta hrós sem þeir hafa unnið fyrir og það hvetur þá áfram. **6.**
- F. Nemendur hafa miklar væntingar til sjálfra sín og annarra. **4. Byggja þarf upp nemendur.**
- G. Þeir hafa skilning á námsárangri og bregðast vel við tækifærum sem þeir fá til að bera ábyrgð. **4. Betur má ef duga skal.**
- H. Vinna nemenda er sýnileg í skólastofum, í opnum rýmum í skólanum og á öðrum stöðum í samfélaginu. **5. Huga má að því að nota staði í samfélaginu.**
- I. Árangur nemenda utan hefðbundins skólastarfs er metinn og haldið á lofti í skólanum. **6.**
- J. Við vitum að allir geta lært og tekið framförum og það endurspeglast í viðhorfum okkar og störfum. **6.**
- K. Við leitum allra leiða til að tryggja að nemendur eigi ekki á hættu að fara á mis við námstækifæri. **5. Reynum eins vel og við getum.**
- L. Við gerum nemendum okkar kleift að ná árangri. **5. Reynum eins vel og við getum.**
- M. Áhugi nemenda okkar endurspeglast í jákvæðu viðhorfi þeirra til náms, árangurs og framfara. **5. Verðum að vera dugleg að vekja áhuga.**

- N. Á ekki við, ónotuð.
- O. Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og reist á grunni gagnkvæmrar virðingar og sjálfsvirðingar innan liðsheildar þar sem sameiginleg markmið og gildi eru í hávegum höfð. **5. Má alltaf reyna að gera betur.**
- P. Nemendur okkar koma vel fram og taka tillit til annarra. **6.**

### Gæðagreinir 5.8

#### Umhyggja, velferð og þroski nemenda.

- A. Stefna okkar um velferð og umhyggju fyrir nemendum er skýr, viðeigandi og henni er fylgt eftir. **5. Fylgja betur eftir að fólk viti um stefnu okkar.**
- B. Allt skólasamfélagið tekur virkan þátt í að efla velferð einstaklinga. **6.**
- C. Við þekkjum hlutverk okkar og ábyrgð varðandi heilsu og öryggi. **6.**
- D. Við höfum fengið þjálfun og kunnum til verka á sviði barnaverndar. **6.**
- E. Við vinnum af nærgætni og á áhrifaríkan hátt með þarfir og málefni nemenda og tryggjum þeim skilvirkar leiðir til að koma kvörtunum sínum á framfæri. **5. Passa upp á eftirfylgni.**
- F. Heilsa og heilbrigði eru hluti af skólamenningu okkar. **6.**
- G. Skólinn okkar hefur skýrar aðferðir til að kanna bakgrunn fullorðinna sem vinna með börnum. **6.**
- H. Við erum vakandi yfir tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum barna og leggjum okkur fram um að efla persónu- og félagsþroska þeirra í öllu skólastarfi. **5. Vera meira vakandi.**
- I. Við gefum sérstakan gaum þegar nemendur flytjast á milli skóla eða skólastiga. **6.**

Starfsskýrsla Grunnskólans á Suðureyri  
2016 -2017

- J. Nemendur eru stöðugt hvattir til að leggja sig fram, sýna umbyrðarlyndi og þróa hæfni sína í mannlegum samskiptum. **6.**
- K. Í skólanum okkar ríkir traust, virðing og trúnaður. **5. Passa upp á virðingu.**
- L. Á ekki við, ónotuð.
- M. Við vinnum að nærgætni með upplýsingar sem snerta einstaklinga. **6.**
- N. Nemendur sýna frumkvæði varðandi framtíðaráætlanir sínar og hafa öðlast hæfni og þekkingu til að skipuleggja starfsferil sinn á árangursríkan hátt og þeir fá tækifæri til að kynna ýmsum starfsgreinum. **3. Frumkvæði er ábótavant.**
- O. Á ekki við, ónotuð.

**Gæðagreinir 8.1 - Samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn.**

- A. Við höfum árangursríkt samstarf sem gerir gæfumuninn varðandi gæði þess stuðning sem nemendur fá. **4. Þurfum að auka samskipti við MÍ.**
- B. Það er ljóst á hverju við berum höfuðábyrgð og hvar við þurfum stuðning samstarfsaðila til að tryggja hagsmuni einstakra barna og ungmenna. **6.**
- C. Við höfum greinargott skipulag með viðeigandi markmiðum og árangursríkum verkferlum til að meta áhrif samstarfsins á einstaklinga og hópa. **5. Við notum skólapúlsinn og vinnum úr honum. Þurfum að skoða fleiri árangursríka verkferla.**
- D. Starfsmönnum finnst markmið samstarfsins mikilvægt og þeir taka virkan þátt í því. **6.**
- E. Tengsl okkar við aðrar menntastofnanir, samfélagið, sérfræðistofnanir og atvinnurekendur hafa eflt námið, bætt árangur nemenda og gert aðstoð við nemendur og fjölskyldur þeirra markvissari. **5. Einstaka tilfelli ábótavant.**
- F. Starfsmenn vinna vel saman og með öðrum til að tryggja að þeir sem minnst mega sín fái góðan stuðning þeirra þörfum á sviði náms og velferðar sé vel mætt við flutning milli skólastiga, skóla eða deilda. **6.**

- G. Við veitum virkan stuðning með því að starfa, þegar við á, með ýmsum stofnunum, atvinnulífi, heilbrigðisþjónustu, sérfræðiþjónustu skóla, félagsþjónustu og félagasamtökum. **6.**
- H. Starfsfólk vinnur með þessum samstarfsaðilum til að greina þarfir og auðga reynslu allra nemenda eða við að beina stuðningi að hópum og einstaklingum. **6.**
- I. Starfsmenn taka virkan þátt í verkefnum sem stýrt er að öðrum stofnunum. **6.**
- J. Við gerum okkur vel grein fyrir hlutverkum okkar og ábyrgð og höfum góð tækifæri til að ræða við aðra og taka þátt í þjálfun með samstarfsaðilum. **4. Höfum ekki góð tækifæri til að tala við aðra.**
- K. Samskipti okkar, mat, áætlanir, ígrundun, skráning og skýrslugerð eru skýr og gefa góða raun. **5. Vitum ekki með góða raun.**
- L. Við veitum nemendum samþætta þjónustu í samstarfi við samstarfsaðila skólans, þar á meðal sveitarfélagið. **5. Þjónustu sveitafélagsins er stundum ábóta vant.**

## Samantekt

Við ætlum að muna að bjóða upp á fjölbreyttar kennsluaðferðir og koma til móts við þarfir nemenda. Efla gagnrýna hugsun og nota upplýsingatækni markvisst í námi og kennslu. Hópa vinna á unglingsstigi má vera meiri. Tilgangur kennslustunda þarf að vera skýr fyrir nemendum. Kosturinn við fámennið er að við þekkjum nemendur okkar vel og höfum yfirsýn yfir alla þeirra skólagöngu, en verðum að passa að slaka aldrei á kröfum um námsgetu þeirra. Ókosturinn við fámennið er að ekki er hægt að bjóða upp á nægilega fjölbreytt námsframboð í vali. Að iðka lýðræði í verki er góð reynsla fyrir alla.

Framúrskarandi námsmenn þurfa að fá tækifæri til að halda áfram í námi umfram sinn árgang og hafa þannig tækifæri til að útskrifast ári fyrr. Til að geta veitt nemendum með ólíkar þarfi góða þjónustu þarf stoðþjónustan að virka betur, of langur biðtími tefur fyrir uppbyggingu á þörfum nemandans. Foreldrar og nemendur hafa ekki tekið þátt í endurskoðun námsáætlana og námsmatsþarfa nema hjá þeim nemendum sem eru með greiningu. Við þurfum að vera meðvitaðri um hlutverk nemenda og foreldra og ákvörðunum á nám barnsins.

Námsmat þarf að vera fjölbreyttara og munum við taka tillit til þess í nýju námsmati sem verið er að vinna.

Byggja þarf upp trú á eigin getu bæði hjá nemendum og kennurum. Við reynum að gera námið áhugavert og jákvætt í garð nemenda. Við teljum jákvætt viðhorf til náms hjá nemendum leiða til árangurs og framfara. Efla þarf frumkvæði nemenda.



Við hvetjum foreldra og nemendur til að kynna sér stefnu skólans. Passa þarf upp á að fylgja eftir málum sem varðar nemendur og sjá til þess að því verði lokið sem gera þarf. Alltaf skal viðhalda virðingu, trausti og trúnaði.

Okkur þykir samstarf mikilvægt. Þar sem við erum fá er ekki mikið um tækifæri til samstarfs dagsdagleg en gott er að hitta aðra og ræða um námsefnið og kennsluhætti. Mikilvægt er að hafa góð samskipti á milli skólastiga. Við þurfum að virkja betur samvinnu við Menntaskólann á Ísafirði.

## Umbótaáætlun

### 5.2

Við þurfum að huga að samvinnu/hópavinnu á unglingastigi og notkun upplýsingatækni er ekki nógu markviss. Tilgangur kennslustunda þarf að vera nemendum ljós. Við þurfum að gæta þess að krefja nemendur um þátttöku í kennslustundum og stunda lýðræði í verki. *Ábyrgð á þessu er í höndum allra sem kenna á unglingastigi. Þessu er aldrei lokið og á alltaf að vera í gangi.*

### 5.3

Mæta þarf námsþörfum allra nemenda og nemendahópa og velja viðfangsefni við hæfi. *Ábyrgð á þessu er í höndum allra kennara. Þessu er aldrei lokið og á alltaf að vera í gangi.*

Námsframboð og námsáætlanir eiga að mæta fjölbreyttum þörfum allra nemenda. Sé horft til stærðar skólans þá verður námsframboð alltaf takmarkað hvað valfög varðar. *Ábyrgð er í höndum skólastjóra og þeirra sem úthluta fjármagni og alltaf má leitast við að gera betur.*

Námshraði þarf að vera einstaklingsmiðaður. Gera þarf allt sem hægt er til að nemendur dragist ekki aftur úr en einnig þarf að gera ráð fyrir því að framúrskarandi nemendur fái að halda áfram í námsefni og þannig eiga þess kost að ljúka námi ári fyrr. *Ábyrgð á þessu er í höndum allra kennara. Þessu er aldrei lokið og á alltaf að vera í gangi.*

Við gerum okkur far um að fylgjast stöðugt með og bregðast við þörfum nemenda, ekki síst einstakra nemenda sem hafa þarfir sem eru mjög frábrugðnar þörfum skólafélaganna. Þetta gerum við með nánu samstarfi við nemendur, foreldra þeirra og stoðþjónustu. Okkar mat er að stoðþjónustan þurfi að virka betur. *Ábyrgð á stoðþjónustunni er í höndum skólastjóra og skólaskrifstofu Ísafjarðarbæjar.*

Við þurfum að vera meðvitaðri um hlutverk nemenda og foreldra í endurskoðun námsáætlana. *Ábyrgðin er hjá öllum kennurum. Þegar við gerum námsáætlanir þurfum við að ræða tilgang þeirra við nemendur og hlusta á sjónarmið þeirra. Einnig þarf að kynna þær fyrir foreldrum og gefa þeim kost á að koma með tillögur. Halda þarf kynningarfundir í september þar sem námsáætlanir eru til umræðu og skoðunar. Þessu verki er aldrei lokið heldur endurtekinn viðburður hvert skólaár.*

#### 5.4

Við þurfum að byggja námsmat okkar á skipulegum samskiptum og umræðum við nemendur. Nota fjölbreyttar aðferðir til að virkja nemendur til umræðu um eigin skilning og framfarir. Einnig þurfum við að veita nemendum vandaða endurgjöf sem hjálpa þeim að skilja næstu skref í náminu. *Ábyrgð er allra kennara. Við þurfum að taka tillit til þessa þátta í nýju námsmati en gæta þess jafnframt að hafa þetta lífandi plagg sem skoðað er árlega.*

#### 5.5.

Samkvæmt skólapúlssi vantar kennara trú á eigin getu. *Ábyrgð er allra kennara að horfa í eigin barm, ræða við vinnufélaga um það sem vefst fyrir okkur og byggja okkur upp. Þessu er aldrei lokið enda gott að skoða sjálfan sig reglulega.*

Byggja þarf nemendur upp í að hafa miklar væntingar til sjálfra sín og annarra, hafa skilning á námsárangri og bregðast vel við tækifærum sem þeir fá til að bera ábyrgð. *Ábyrgð er allra kennara en ekki síst umsjónakennara í gegnum lífsleiknina. Þessu er aldrei lokið, heldur þarf að ræða um þetta á hverju ári við nemendur og hvetja þau til framfara.*

#### 5.8

Nemendum skortir frumkvæði varðandi framtíðaráætlanir sínar. *Ábyrgð er umsjónakennar í gegnum lífsleikni. Þetta er nauðsynlegt að ræða árlega til að nemendur taki ábyrgð á eigin framtíð.*

#### 8.1

Við höfum ekki nægilega góð tækifæri til að tala við aðra um hlutverk okkar og ábyrgð. Við erum fámenn og því ekki fleiri en við sjálf að kenna hverju aldurstigi. *Ábyrgð er t.d. skólastjóra í gegnum skipulag á skóladagatali. Gott væri að kennarar grunnskóla Ísafjarðarbæjar hefðu tækifæri til að hittast fljótlega að hausti til skrafs og ráðagerðar. Þessu er aldrei lokið heldur ætti að vera árlegur viðburður.*

Árangursríkt samstarf er nauðsynlegt á milli skólastiga og stofnanna sveitarfélagsins. Það eru helst samskipti við Menntaskólann á Ísafirði sem þarf að bæta. *Ábyrgð væri skólastjóra að koma á samskiptum á milli skólanna. Þessi upplýsingafundur yrði árlegur.*

## Þarfagreining

### Viðhald

Vinna við gólfefnaskipti er hafin og til stendur að skipta út gluggum á austurhlið skólans auk þakviðgerða í sumar. Það þarf að yfirfara og skipta um glugga á vesturhlið skólans. Skipta um dúka í einu rými á eftir hæð og í anddyri og suðurhluta skólans. Mála þarf skólahúsnæðið að innan. Taka niður bráðarbyggðarvegg milli stofa á efrihæð og setja upp rennihurð. Endurnýja anddyrið, en það sést meðfram útihurð og hún er ekki þétt. Endurnýja þarf klósettaðstöðu bæði nemanda og starfsmanna. Klára inngang milli íþróttahús og skóla en hann hefur ekki verið full sparslaður og málaður. Laga þarf vinnuaðstöðu kennara, taka niður einn vegg, færa eina hurð, mála og endurnýja einhver húsgögn. Laga þarf handrið og bryggju á skólalóð þannig að fyllsta öryggis sé gætt. Aðgengi fatlaðra að efrihæð og klósettaðstöðu er ekki til staðar.

### Fjárfestinga

Klára þarf skólalóð, gera bílastæði við skólann og tryggja öryggi barna við komu og brottför úr skóla. Endurnýja tölvubúnað nemanda og kennara. Endurnýja húsgögn í vinnuaðstöðu kennara.

## Fjárhagsáætlun

2016	
Áætlun 2015	87.919.605 kr.
Rauntölur 2015	89.066.889 kr.
Mismunur	- 1.147.284 kr.

Framúrakstur ársins 2016 skýrist af breytingar á orlofi. Orlofsskuldbindingar hækkuðu. Séu þessar auknu skuldbindingar dregnar frá var skólinn rekinn með 184.893 kr. í afgang á síðasta ári.